

Veggspjöld – Menntakvika 2016

Fagleg forysta og stjórnun í grunnskólum

Amalía Björnsdóttir prófessor MVS HÍ og Trausti Þorsteinsson dósent HA

Í rannsókninni sem greint verður greint frá er kastljósi beint að fyrirkomulagi stjórnunar og forystu í grunnskólum. Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, og veitir faglega forystu. Auk þess að bera ábyrgð á rekstri, starfsmannastjórnun og því að lögum um grunnskóla og aðalnámskrá sé framfylgt ber hann faglega ábyrgð á skipan kennslu og gæðum þess starfs sem fram fer í viðkomandi skóla. Gagna var aflað með rafrænni spurningalistakönnun sem send var öllum skólastjórum, aðstoðarskólum og deildarstjórum í grunnskólum á Íslandi sem hafa fleiri en 100 nemendur. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans. Tæplega 73% skólastjóri sagði skriflega verkaskiptingu liggja fyrir milli stjórnenda en 54% aðstoðarskólastjóra könnuðust við að slík skrifleg skipting lægi fyrir. Í þeim skólum þar sem þátttakendur sögðu að skrifleg verkaskipting milli stjórnenda lægi fyrir var það faglega ábyrðarhlutverk sem skólastjórar fólu öðrum stjórnendum skýrara að mati þátttakenda en í skólum þar sem slíkt skipting lág ekki fyrir. Algengast var að skólastjórar sinntu sjálfir þáttum sem tengdust rekstri en líklegra var að þættir tengdir faglegri forystu væru á höndum annarra stjórnenda.

„Þetta gengur allt upp“: Myndmennt og stærðfræði samþætt á miðstigi í grunnskóla

Rannveig Jónsdóttir, grunnskólakennari, Jónína Vala Kristinsdóttir, lektor MVS HÍ
Hanna Ólafsdóttir, lektor MVS HÍ

Markmið verkefnisins var að finna hvernig fjölbreyttur nemendahópur á miðstigi í grunnskóla getur unnið í anda myndlistamanna sem vinna verk með tengsl við stærðfræði. Námsgreinarnar myndmennt og stærðfræði eru samþættar í samvirku námi og litið er kenninga nokkurra áhrifamikilla fræðimanna á sviði menntunar, svo sem Dewey, Eisner og Gardner.

Aðferðafræði rannsóknarinnar er eigindleg tilviksrannsókn. Farið var á vettvang og tvö opin viðtöl tekin. Annar viðmælandinn, Borghildur Jósúadóttir, er stærðfræði- og textílkennari í grunnskóla sem leggur höfuðáherslu á sjónræna þáttinn í sinni kennslu. Hinn viðmælandinn, Rúrí, er þjóðþekktur myndlistarmaður. Mörg verka hennar hafa bein og sterk tengsl við stærðfræði. Helstu niðurstöður eru þær að nemendur í grunnskóla geta unnið í anda myndlistarmanna sem vinna verk með tengsl við stærðfræði ef þeir hafa aðstæður og námsumhverfi sem vinnur með því markmiði.

Verkinu fylgir handbók með 26 verkefnum, ábendingum og kveikjum. Í henni birtast vinnubrögð Borghildar og Rúrjár og snertifletir sjónræna þátta og stærðfræði í lista- og hugmyndasögu. Einnig er bent á tengsl við líf nemenda. Handbókin er fyrir kennara sem kjósa fjölbreytta kennsluhætti svo sem samþættingu, jafningjafræðslu og samvirkt nám og vinna þannig í anda skóla án aðgreiningar og aðalnámskrár grunnskóla með sköpun, sjálfbærni, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi.

Sandleikur í skólastarfi

Kristín Unnsteinsdóttir, forstöðumaður Námsvers Ártúnsskóla

Aðferðin byggir á rannsóknnum og tilraunum undirritaðrar síðastliðin 14 ár í Námsveri Ártúnsskóla til að fella umgjörð og framkvæmd sandleiks, sem í grunninn er meðferðarúrræði, að náms- og

uppeldismarkmiðum grunnskólans. Þátttakendur í athugunum höfundar eru 5-12 ára nemendur. Frá upphafi hefur sögugerð verið tengd við leik og myndgerð í sandinum með hjálp smámuna. Markmiðið með aðferðinni er að glæða frjóa hugsun barnsins, stuðla að skapandi tjáningu og upplifun og efla þannig þroska, líðan og sjálfsmynd barnsins.

Skapandi sögugerð fellur vel að sandleiknum og nýttist ríkulega þeim nemendum sem þurfa hvatningu og hjálp við máltjáningu og málskilning. Sögurnar eru ýmist skráðar eftir börnunum eða þau skrá sjálf. Ljósmyndir eru teknar af myndverkinu í sandkassanum og sögurnar eru vélritaðar og síðar er unnið frekar með efni þeirra á margvíslegan hátt.

Vísað er til bókarinnar *Sandplay and Storytelling: The Impact of Imaginative Thinking on Children's Learning and Development* (2012) eftir undirritaða og dr. B. Turner sem m.a. fjallar um niðurstöður úr ofangreindri rannsókn og handbókarinnar *Sandtray Play and Storytelling in Education* (2016) eftir sömu höfunda og er ætluð fagfólki í skólum, einkum sérkennurum, námsráðgjöfum, sálfræðingum.

Heiðarleiki eða siðspilling? - Íslensk og alþjóðleg íþróttamenning og siðferði Bók um íþróttir á Íslandi og þau viðhorf sem hafa mótað þær fram til okkar daga

Guðmundur Sæmundsson aðjunkt HÍ

Sjónum verður einkum beint að siðferðilegum þáttum íþróttar og hvernig þeir hafa breyst í tímans rás, bæði frá fornu til nútímans og í nútímanum sjálfum. Markmið bókarinnar er að skapa umræðu um aukið siðrof innan íþróttahéimsins og snúa jafnvel þeirri þróun við, sé það unnt. Því marki verður reynt að ná með því að fjalla um málið frá sem flestum hliðum í stuttum og hnitmiðuðum köflum. Bókin er að hluta byggð á rannsóknnum höfundar á íþróttasiðferði og íþróttarorðræðu og að hluta á reynslu og heimildalestri. Tilgangurinn með bókinni er þannig öðrum þræði að draga saman áreiðanlegar upplýsingar og röksemdir um hvernig megi auðga og nýta íþróttastarfið til góðra hluta og losa það við lesti og neikvæða sprota sem nokkuð hefur borið á. Einnig þurfa þeir sem móta stefnuna í íþróttamálum, þar á meðal fjárveitingar opinberra aðila, á sem bestum gögnum að halda um vilja þjóðarinnar.

Brúin á milli lista og rannsókna

Hanna Ólafsdóttir, lektor MVS HÍ

Að ákveða fyrirfram hvert maður ætli sér að fara og hvað sé að finna á leiðarendanum er eins og að reyna giska á hvar endinn á regnboganum sé og hvað leynist þar. Í áfanganum Rannsóknir og þróunarvinna í list- og verkgeinum, við Menntavísindasvið HÍ hafa nemendur verið leiddir í gegnum ferlið frá hugmynd að sýningu þar sem aðferðafræði listrannsókna (e. research in and through the arts) er höfð að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að nemendur dýpki þekkingu sína og skilning á völdu viðfangsefni innan list- og verkgreina í gegnum skapandi vinnu og rannsóknnum á tilteknu efni.

Gögnum var safnað þar sem reynsla 12 einstaklinga sem eru nú starfandi kennarar var skoðuð. Sérstaklega var spurt út í möguleika þess að nýta aðferðafræði listarinnar í eigin kennslu. Niðurstöður sína m.a. að vinna með listsköpun í kennslu þar sem aðferðafræði listarinnar er beitt, leysir úr læðingi sköpunarkraft og opnar fyrir áður óþekktar víddir þar sem nýir vinklar sjá dagsins ljós.